

Hækkun á vopnaleitargjaldi forsendur og skýringar

Vopnaleitargjaldi er ætlað að standa undir:

- a) Eiginlegri vopnaleit á flugfarþegum sem leið eiga um Keflavíkurflugvöll.
- b) Handleit á farþegum á áningarsvæði og í landgöngum flugstöðvarinnar.
- c) Öryggis- og sprengjuleit í farangri brottfararfarþega.
- d) Öryggis- og sprengjuleit í transit-farangri.
- e) Öryggis- og sprengjuleit í flugvélum.
- f) Þjálfun starfsfólks vegna ofangreindra verkþátta.
- g) Kostnaði vegna umsjónar vopnaðrar lögreglu með vopnaleit.
- h) Öðrum rekstrarkostnaði sem heimfæra má beint á ofangreind verkefni.

Í forsendum er gert ráð fyrir að fjöldi vopnaleitaðra farþega á Keflavíkurflugvelli árið 2002 verði rétt líðlega 400.000, þar af 12.000 börn. Samkvæmt því er áætlað að 175 kr. hækkun vopnaleitargjalds pr. fullorðinn farþega skili um 68 m.k.r tekjuauka og 85 kr. hækkun pr. barn líðlega 1,0 m.kr.

Til samanburðar er áætlað að fjöldi vopnaleitaðra farþega á yfirstandandi ári verði um 420.000. Við samanburð milli ára er rétt að hafa í huga að verulega hefur dregið úr farþegafjölda um flugstöðina frá haustbyrjun. Gera má ráð fyrir að samdráttur í lendingum og farþegastreymi um Keflavíkurflugvöll geti orðið á bilinu 20 – 25% í kjölfar voðaatburða í Bandaríkjunum og samdráttar í ferðamannaiðnaði.

Vakin er athygli á áður framkomnum forsendum um kostnað vegna hertra öryggiskrafna á Keflavíkurflugvelli sem fram koma í greinargerð embættanna frá 7. nóv. sl. auk síðar framkominna skýringa. Enn fremur er rétt að benda á að vopnaleitargjald skv. þeim forsendum sem fyrir liggja er í eðli sínu hvort tveggja í senn vopnaleitar- og öryggisgjald sbr. skýringar í tilvitnaðri greinargerð.

Samkvæmt lofterðalögum er vopnaleit á Keflavíkurflugvelli á forræði Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvelli, en framkvæmd vopnaleitar er á hendi sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli skv. sérstökum samningi milli framangreindra aðila. Fyrir liggur að þessi samningur verði endurskoðaður um næstu áramót í kjölfar breytts vopnaleitargjalds og verði þá nánar kveðið á um ábyrgð og verkaskiptingu vegna framangreindra þátta.

*Flugvallarstjórinn
á Keflavíkurflugvelli*

*Sýslumaðurinn
á Keflavíkurflugvelli*